



Lúxemborg, 7. maí 2025

FRÉTTATILKYNNING 06/2025

Dómur í sameinuðum málum E-1/24 og E-7/24 TC og AA

RÉTTUR TIL AÐGANGS AÐ UPPLÝSINGUM UM RAUNVERULEGAN EIGANDA

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar í tveimur málum frá stjórnarsýsludómstóli Liechtenstein (*Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein*), sem sameinuð voru í dómi EFTA-dómstólsins.

Málin varða beiðnir um aðgang að skrá Liechtenstein yfir raunverulega eigendur. Í máli E-1/24 TC var beiðninni hafnað þar sem umsækjandinn hafði ekki tilgreint nákvæmlega tiltekinn lögaðila, eins og krafist er samkvæmt landslögum, heldur aðeins nefnt meinta raunverulega eigendur. Í máli E-7/24 AA var beiðninni hafnað á þeirri forsendu að umsækjandinn hafði ekki lögmæta hagsmuni.

EFTA-dómstóllinn fjallaði fyrst um afleiðingar fyrir EES-rétt af því að Evrópudómstóllinn ógilti c. lið 15. mgr. 1. gr. fimmtu tilskipunarinnar um aðgerðir gegn peningabætti¹ – sem breytti c. lið 5. mgr. 30. gr. fjórðu tilskipunarinnar um aðgerðir gegn peningabætti² – á þeim grundvelli að hún bryti gegn 7. og 8. gr. Réttindaskrár Evrópusambandsins, sem kveða á um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga. EFTA-dómstóllinn taldi engar knýjandi ástæður vera til staðar sem réttlætt gætu að víkja frá túlkun Evrópudómstólsins. Þar af leiðandi yrði að túlka c. lið 5. mgr. 30. gr. fjórðu tilskipunarinnar um aðgerðir gegn peningabætti í samræmi við ákvæðið fyrir gildistöku fimmtu tilskipunarinnar um aðgerðir gegn peningabætti. Aðgangur að upplýsingum krefst því þess að umsækjandinn sýni fram á lögmæta hagsmuni.

EFTA-dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að rétturinn til aðgangs að upplýsingum um raunverulega eigendur næði til allra einstaklinga eða lögaðila sem geta sýnt fram á lögmæta hagsmuni með tilliti til tilgangs tilskipunarinnar. Í því sambandi er nauðsynlegt og nægjanlegt að færa sönnur á tilvist lögmætra hagsmuna til að fá aðgang að upplýsingum. Rétt beiting landslaga sem innleiða tilskipunina tryggir að upplýsingar um raunverulegan eigenda séu aðeins birtar þegar það er viðeigandi, nauðsynlegt og í samræmi við meðalhóf.

Að lokum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þó það sé fyrir réttarkerfi EES-ríkja að setja málsmeðferðarreglur varðandi aðgang að upplýsingum um raunverulegan eigenda, verði EES-ríkin að beita því valdi í samræmi við EES-rétt, einkum meginregluna um skilvirkni. Ströng skilyrði um að tilgreina alltaf lögaðila, án þess að leyfa valdbærum stjórnvöldum að taka tillit til sérstakra aðstæðna hvers máls, gæti gert það óhóflega erfitt að nýta réttinn til aðgangs.

¹Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/843 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um aðgerðir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB.

²Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB.

Ráðgefandi álitið er skref í málsmeðferðinni sem er fyrir landsdómstólnum. Stjórnsýsludómstóll Liechtenstein mun nú hefja málsmeðferð sína á ný og dæma í málunum í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á tilskipununum.

Dómurinn í heild sinni er aðgengilegur á vefsíðu EFTA-dómstólsins: <https://eftacourt.int/cases/joined-cases-e-1-24-and-e-7-24/>.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.